



Borgarráð

Reykjavík, 30. september 2024
MSS24090161

Tilnefning fulltrúa Reykjavíkurborgar í spretthóp um fýsileika þess að koma Listaháskóla Íslands fyrir í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti

Reykjavíkurborg hefur borist erindi Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytisins dags. 11. september sl. þar sem þess er óskað að tilnefndur verði fulltrúi borgarinnar í spretthóp um fýsileika þess að koma Listaháskóla Íslands fyrir í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti. Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmda og viðhalds, og Borghildur Sölvey Sturludóttir, deildarstjóri á skrifstofu skipulagsfulltrúa, hafa verið tilnefnd í samræmi við ákvæði 28. grein laga um jafna stöðu og jafna rétt kynjanna, nr. 150/2020. Ráðherra skipar í spretthópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Samhliða þessu mun Reykjavíkurborg senda Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytinu erindi með ósk um viðræður um kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar í Tækniskólanum en borgin á helmingshlut í húsnæðinu.

Tilkynnist borgarráði það hér með.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu um endurmat á framtíðar húsnæðismálum Listaháskóla Íslands, dags. 11. september 2024.



Reykjavík



Reykjavíkurborg

Einar Þorsteinsson borgarstjóri
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Dagsetning **11. september 2024**
Málsnúmer HVIN23110064

Endurmat á framtíðar húsnæðismálum Listaháskóla Íslands

Fyrstu áform um að sameina Listaháskóla Íslands (LHÍ) í Tollhúsinu í Reykjavík voru kynnt á ríkisstjórnarfundi í ágúst 2021, en kennsla skólans fer núna fram í sex byggingum víðsvegar um borgina. Uppbyggingar framtíðarhúsnæðis LHÍ í Tollhúsinu er jafnframt getið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og í maí 2022 var undirrituð viljayfirlýsing sama efnis milli ríkis, LHÍ og Reykjavíkurborgar.

Frá þeim tíma hefur verkefnið verið í farvegi hjá Framkvæmdasýslu-Ríkiseignum (FSRE). FSRE hefur unnið að ítarlegri kostnaðaráætlun vegna framkvæmda í og við Tollhúsið. Sú vinna hefur leitt í ljós að kostnaður yrði mun meiri en upphaflega var áætlað eða 17 ma.kr. í stað 10,8 ma.kr. Þá hefur fjármagnskostnaður verið vanáætlaður. Þessi kostnaðarauki myndi að óbreyttu endurspeglast í 45% hærra leiguverði hjá LHÍ, umfram núverandi leigukostnað skólans. FSRE hefur jafnframt unnið að þrepaskiptri hönnunarsamkeppni fyrir breytingu á Tollhúsinu í takt við samþykktar áætlanir með nýju samkeppnisformi sem er ætlað að draga úr líkum á að kostnaður fari fram úr áætlunum.

Ákvörðun um framtíðarstaðsetningu LHÍ í Tollhúsinu byggðist m.a. á greinargerð teiknstofunnar Traðar frá 2021, þar sem forsögn LHÍ (frá 2018) var mátuð inn í Tollhúsið. Niðurstaða greinargerðarinnar var m.a. að húsnæði LHÍ á þessum stað væri 15.504m² (81% af forsögn) og byggðist það á að nýta um 6.500m² af Tollhúsinu en um 3.650m² yrðu rifnir og að nýbygging væri um 9.000m². Í greinargerð sem Steinþór Kári Kárasón arkitekt hefur unnið fyrir LHÍ kemur fram að tilefni sé til að endurskoða fyrri áætlanir, m.a. sökum þess að á þeim stutta tíma sem liðinn er frá úttekt á Tollhúsinu, hefur orðið umtalsverð viðhorfsbreyting gangvart niðurrifi bygginga og þeirra umhverfislegu áhrifa og kostnaðar sem af því hlýst. Annað mikilvægt atriði er að með fyrirhugaðri uppbyggingu á lóð Tollhússins er lóðin fullbyggð og eru því uppbyggingarmöguleikar LHÍ á lóðinni þegar fullnýttir. Þá hefur, frá því að ákvörðun um framtíðarstaðsetningu skólans í Tollhúsinu var tekin, komist skriður á húsnæðismál Tækniskólans, þar sem m.a. er gert ráð fyrir að nýbygging Tækniskólans rísi í Hafnarfirði haustið 2029 og tækifæri skapist til að nýta húsnæði skólans á Skólavörðuholti með öðrum hætti.

Í samanburði við Tollhúsið getur húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti, með mögulegum viðbótum, verið mjög fýsilegur kostur sem framtíðarhúsnæði LHÍ, sérstaklega með tilliti til lofthæðar í rýmum lðnskólans þegar nýtingarmöguleikar og viðbyggingarþörf er metin.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 6. september sl. var samþykkt tillaga forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kannaður verði fýsileiki þess að koma LHÍ fyrir í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti með nánari húsaskoðun og þarfagreiningu líkt og gert var fyrir Tollhúsið og að á meðan sú vinna fari fram verði ekki gerðar aðrar ráðstafanir með húsnæði lðnskólans. Jafnframt samþykkt að efna til samtals við

hlutaðeigandi aðila um útfærslu á þessari leið í framtíðarhúsnæðismálum LHÍ, með það að markmiði að skilgreina mögulega aðferðafræði og tímaramma og að í því skyni verði settur á laggir nýr spretthópur með fulltrúa frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Reykjavíkurborg og Listaháskóla Íslands um framtíðarstaðsetningu skólans. Vonast er til að sú undirbúningsvinna sem þegar hefur farið fram fyrir samkeppni um breytingar og viðbyggingu við Tollhúsið geti nýst, hvor leiðin sem verður farin.

Hér með er óskað eftir tilnefningu fulltrúa Reykjavíkurborgar í spretthóp um fýsileika þess að koma LHÍ fyrir í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti. Miðað er við að spretthópurinn skili af sér tillögum fyrir 29. nóvember nk.

Við tilnefningu þarf að taka tillit til 28. grein laga um jafna stöðu og jafna rétt kynjanna, nr. 150/2020, um að gæta skuli þess við skipun í nefndir, ráð og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Af þessu tilefni óskar ráðuneytið eftir því að tilnefndir verði einn einstaklingur af hvoru kyni bæði karl og konu í spretthópinn. Ráðherra skipar í spretthópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Óskað er eftir því að tilnefningar hafi borist háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti fyrir 27. september 2024. Ef tilnefningin sendist með rafrænum hætti vinsamlega sendið á netfangið hvin@hvin.is.

F.h. ráðherra

Ásdís Halla Bragadóttir

Jón Vilberg Guðjónsson